
REGLUGERÐ KLÍ UM DEILDARBIKAR LIÐA

1. grein

Deildarbikar liða skal halda árlega, minnst 5 sinnum á tímabilinu 1. september – 30. apríl. Deildarbikar skal leika mest einu sinni í mánuði og má gefa frí í deildum þá vikuna.

2. grein

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan vébanda Keilusambands Íslands. Félög skulu tilkynna þátttöku í Deildarbikarkeppni liða eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum.

3. grein

Leikinn skal tvímenningur og geta hvaða tveir löglegir leikmenn hvers deildarliðs spilað saman. Heimilt er að skipta um leikmenn og breyta röð eftir hvern leik.

4. grein

Ef fjöldi þátttökuliða er 8 eða færri skal leika í einum riðli, allir við alla í hverri umferð. Ef fjöldi liða fer yfir 8 lið skal skipta keppninni upp í tvo riðla og ef lið verða fleiri en 16 skal skipta keppninni upp í þrjá riðla. Dregið er í riðla eftir deildum, þ.e. fyrst eru kvennaliðin dregin í riðla, síðan karlaliðin og byrjað á efstu deild, þannig að sem jöfnust skipting sé í riðlana. Ef spilað er í tveimur riðlum skal fara fram úrslitakeppni í lokin þar sem tvö efstu liðin úr hvorum riðli spila tvöfalda umferð á einu kvöldi. Ef riðlarnir eru þrír skal spila úrslitakeppni með einfaldri umferð, tvö efstu liðin úr forkeppninni. Eftir úrslitakeppni hlýtur efsta liðið titilinn Deildarbikarmeistari. Ef leikið er í einum riðli og lið eru fleiri en 6 skal leika umferðina á tveimur kvöldum samliggjandi.

5. grein

Fyrir hvert keppniskvöld í umferð skulu fyrirliðar eða staðgenglar þeirra skrifa á leikskýrslu nöfn þeirra leikmanna sem eiga að vera í keppnisliði liðsins í viðureigninni (mest 8 menn, minnst 3) og nafn aðstoðarmanns liðsins, ef einhver er. Eftir upphaf fyrsta leiks keppniskvölds má engar breytingar gera á keppnisliðinu í umferðinni.

Í lok hvers leiks skal fyrirliði liðsins eða staðgengill hans fylla út skýrsluna með skortölum allra leikmanna í liðinu og fá staðfestingu fyrirliða hins liðsins eða staðgengils hans um að skýrslan sé rétt fyllt út. Ef lið fyllir ekki út skorreiti eða samtalsreiti leikskýrslunnar er aganefnd KLÍ heimilt að refsliðinu með fjársekt. Eftir viðureign skal afhenda dómara skýrsluna og skorblöð.

6. grein

Fjarveruskor

Ekki er leyft að nota fjarveruskor eða varaskor þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf frá að hverfa vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Ef leikmaður er ekki mættur í upphafi leiks fást 0 fyrir hvern þann ramma sem leikmaður missir af. Ef leikmaður kemur það seint að hann missir af 5. ramma leiks fær hann ekki að koma inná í leiknum og fær því liðið 0 stig úr þeim leik leikmannsins. Lið getur ekki unnið leik án þess að spila leikinn. Fjarveru skor er 120 stig.

7. grein

Forgjöf

Leikmenn kvennaliða fá 8 í forgjöf á hvern leik.

8. grein

Stigagjöf

Gefin skulu tvö stig fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli í hverjum leik.

Staðan raðast eftir stigum.

- Ef tvö eða fleiri lið eru jöfn að stigum gilda stig úr innbyrðis viðureignum.
- Ef tvö eða fleiri lið eru enn jöfn gildir heildarskor úr innbyrðis viðureignum.
- Ef tvö eða fleiri lið eru enn jöfn gildir hlutkesti.

9. grein

Frestun viðureignar

Engar frestanir einstakra liða eru veittar í Deildarbikar. Mótanefnd er þó heimilt að fresta umferð vegna veigamikilla ástæðna.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguerfiðleikar vegna veðurs
2. Leikmenn liða eru fjarverandi í keppni á vegum KLÍ.

Mótanefnd tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða um frestun og nýjan leiktíma eins fljótt og auðið er, sem og öðrum sem málið kann að varða.

10. grein

Kærufrestur

Kærufrestur í Deildarbikar liða er 7 dagar.

11. grein

Framkvæmd Deildarbikar liða skal vera í höndum mótanefndar KLÍ.

12. grein

Þátttökugjald í Deildarbikar liða ákveður KLÍ í upphafi hvers keppnistímabils.

Breytt á formannafundi 19. apríl 2011